

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 92/2022

2022/EES/61/04

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 frá 17. ágúst 2021 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar bannið við því að fóðra alidýr sem ekki eru jörturdýr, önnur en loðdýr, á prótínum úr dýrum <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjótíð. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 51.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1973 frá 12. nóvember 2021 um að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011):

„– **32021 R 1973:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1973 frá 12. nóvember 2021 (Stjótíð. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 4).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 999/2001):

„– **32021 R 1372:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 frá 17. ágúst 2021 (Stjótíð. ESB L 295, 18.8.2021, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjótíð. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 51.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2021/1372, sbr. leiðréttingar í Stjótíð. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 51, og reglugerðar (ESB) 2021/1973, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjótíð. ESB L 295, 18.8.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótíð. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 4.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.